

Hafnarfjarðarbær,
B.t. Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri
Strandgötu 6,
220 Hafnarfjörður
hlh@hafnarfjordur.is

Hafnarfirði 3. janúar 2017

Efni: formlegt erindi varðandi fjármögnun og útleigu safnaðarheimilis Ástjarnarsóknar

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir ánægjuleg samskipti á síðasta ári.

Eins og áður hefur komið fram er safnaðarheimili Ástjarnarsóknar nú rúmlega fokhelt og verið er að ljúka frágangi á ytra byrði hússins. Vinna innanhúss er einnig í góðum farvegi og horft er til þess að húsnæðið verði tilbúið í vor.

Hvað varðar fjármögnun hússins er ánægjulegt að skýra frá því að tekist hefur að ljúka 60 milljón króna bankafjármögnun og eins hefur Jöfnunarsjóður nú samtals lagt sókninni til 90 milljónir króna. Þá vantar aðeins aðkomu Hafnarfjarðarbæjar til að hægt sé að ljúka við bygginguna, þannig að jafnræðis sé gætt í stuðningi við sóknir í bæjarfélaginu. Miðað við fjárframlög bæjarins til annarra sókna er eðlilegur stuðningur 60 milljónir króna og í því sambandi má vísa til minnisblaðs JOG um yfirlit kirkjustyrkja dagsett 18. febrúar 2016.

Þau samskipti sem fram fóru á seinni hluta ársins gerðu ráð fyrir því að Hafnarfjarðarbær myndi taka safnaðarheimilið á leigu undir skólastarf Skarðshlíðarskóla skólaárið 2017-18. Innan sóknarinnar er litið á slíkan leigusamning sem hluta af fjárstuðningi vegna byggingarframkvæmdanna. Eins er sóknarnefnd jákvæð fyrir umræðu um að skoða lengra leigutímabil sé þörf á því og einnig leigu undir aðra starfsemi sem samræmist okkar starfi.

Hér með er formlega óskað eftir afgreiðslu bæjarráðs á fjárstuðningi við Ástjarnarsókn, annars vegar í formi leigusamnings vegna skólastarfs og hins vegar beinum styrkjum „ og /eða samkomulagi um frekari leiguafnot af húsnæðinu.

Virðingarfyllst fh. sóknarnefndar,
Geir Jónsson